

Mánudaginn 20. febr. 1933.

Nr. 142/1932. **Eiríkur Snjólfsson**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Jónínu Benónýsdóttur, f. h. Benónýs

Magnússonar (Garðar Þorsteinsson).

Bætur fyrir meiðsli, er hlutust af bifreið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1932: Stefndur, Eiríkur Snjólfsson, greiði stefnöndu, Jónínu Þuriði Benónýsdóttur, f. h. Benónýs Magnússonar, kr. 6295,00 með 5% ársvöxtum frá 25. febrúar 1932 til greiðsludags og kr. 325,00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir kafizt þess *aðallega*, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, og að honum verði dæmdur málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en *til vara*, að bætur þær fyrir *meiðsli*n, er stefndu voru dæmdar í hinum áfrýjaða dómi, verði færðar niður, og að stefnda verði dæmd til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti. Af hálfu stefndu hefir verið krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, verður að telja ákvæði 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur frá 7. jan. 1930 um hámark ökuhraða bifreiða á því svæði, sem samþykktin nær yfir, enn í gildi, sbr. 5. málsg. 6. gr. laga nr. 70/1931. Það er ekki upplýst glögg, hvort bifreið áfrýjanda hafi verið á því hraðahámarki eða fyrir ofan það eða neðan, er slysið varð, og ekki er heldur upplýst nægilega, að slysið hefði hlotið að vilja til, þótt

bifreiðin hefði verið á hægri ferð og hún hefði því orðið fyrr stöðvuð. Af þessum ástæðum verður samkvæmt 2. málsg. 15. gr. laga nr. 70/1931, að dæma áfrýjanda til þess að greiða sjúkrakostnað eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, með 1295,00 kr., og bætur vegna meiðslanna. En með hliðsjón af því að drengurinn, sem var á ellefta ári, þegar slysið varð, sýndi af sér mjög mikla óvarkárni með því að hlaupa á bifreiðina, þykja þessar bætur hæfilega ákveðnar kr. 3000,00. Af þessum upphæðum samanlögðum eða kr. 4295,00, ber og að dæma áfrýjanda til að greiða 5% ársvöxtu frá 25. febr. 1932 til greiðsludags. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms skal vera óraskað. Eftir atvikum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 200,00 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera :

Áfrýjandi, Eiríkur Snjólffsson, greiði stefndu, Jónínu Benónýsdóttur, f. h. Benónýs Magnússonar, kr. 4295,00 með 5% ársvöxtum frá 25. febr. 1932 til greiðsludags. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði skal vera óraskað. Svo greiði áfrýjandi stefndu 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir í máli þessu eru þeir, að hinn 15. okt. f. á., kl. 2¼ e. h., kom Eiríkur Snjólffsson bifreiðarstjóri, til heimilis á Vitastíg 14, hér í bænum akandi á bifreið sinni R. E. 603 austan Laugaveg tvo til þrjá metra frá gangstétt-

inni vinstra megin og var bifreiðin með hlassi. Þegar hann kom niður á móts við húsið nr. 66 kom 10 ára drengur, Benóný Magnússon, Laugaveg 68, á mjög hraðri ferð og með ærslum þar út úr húsasundi og stefndi út á götuna framanvert á húsið á umræddri bifreið. Bifreiðarstjórinn, sem sá, að drengurinn mundi ekki hafa veitt bifreiðinni athygli, kveðst, til þess að reyna að forða frá slysi, þegar hafa vikið bifreiðinni út á götuna og stöðvað hana eins fljótt og hægt var. En það var um seinan, því að drengurinn lenti undir innra afturhjóli bifreiðarinnar og meiddist allmikið. Var drengurinn fluttur á Landakotsspítala og lá þar þangað til 15. marz s. l. Hefir læknir sá, sem stundaði hann þar, Matthías Einarsson, lýst meiðslunum, sem hann hlaut við slysið svo, að hold og vöðvar (að nokkru leyti) hafi flettzt af vinstra læri frá legg og upp í nára. Hnéliðurinn hafi verið opinn og allt þar fullt af aur, þá hafi hörund og flettzt af vinstri upphandlegg. Móðir drengsins, Jónína Þuríður Benónýsdóttir, telur að fyrrgreindur bifreiðarstjóri hafi ekki sýnt þá varkárni, sem honum bar í umrætt skipti, og eigi hann því alla sök á slysinu. Hefir hún nú, f. h. sonar síns, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, höfðað mál þetta á hendur bifreiðarstjóranum með stefnu, útgefinni 2. marz s. l., og gert þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða henni fyrir hönd drengsins læknishjálp og sjúkrakostnað, er nemur samkvæmt framlögðum reikningum kr. 1295,00 og kr. 10000,00 — eða aðra sanngjarna upphæð — í skaðabætur „vegna missis líkamskrafta, svo og vegna líkamslíta, sársauka og þjáninga og allra óþæginda samfara slysinu“. Svo krefst stefnanda og 6% ársvaxta af framangreindum upphæðum frá sáttakærudegi, 25. febr. s. l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt hefir hún stefnt Finsen, framkvæmdarstjóra, f. h. Trolle & Rothe h/f., vegna vátryggingarfélagsins Baltica h/f., en hjá því félagi var keypt trygging fyrir bifreiðina, til þess að gæta réttar síns í málinu.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnöndu og krafizt þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af þeim og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður. Sýknukröfuna reisir stefndur á því, að honum verði ekki um slysið kennt. Hann hafi ekið með löglegum hraða, er slys-

ið vildi til eða 15—20 kílómetra hraða á klst. Bifreiðin hafi verið í lagi og stöðvast, er hann bremsaði, á vegalengd, er hafi svarað til í mesta lagi tveggja þriðju hluta af lengd bifreiðarinnar. Geti því ekki komið til mála að dæma hann í skaðabætur vegna slyssins.

Við lögregluréttarrannsóknina út af slysinu er eitt vitni yfirheyrt og hefir framburði þess ekki verið mótmælt sem óstaðfestum. Mætti það bifreiðinni rétt áður en slysið vildi til og kom að er það var orðið. Vitni þetta hefir ekkert getað borið um hraða bifreiðarinnar. Hinsvegar hefir það borið það, að bifreiðin hafi ekki stöðvazt fyrir en 3—4 metra frá drengnum og auðséð hafi verið, að hún hafi runnið hemluð þá leið.

Í 6. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70 frá 1931 eru ákvæði um ökuhraða og þar sagt, að í kaupstöðum, kaup-túnnum og ámóta þéttbýli, megi hann aldrei vera meiri en 25 kílómetrar á klukkustund. Í lögreglusamþykkt Reykjavíkur frá 7. jan. 1930, 46. gr., er ökuhraðinn hinsvegar ákveðinn innanbæjar 18 km. á klst. og verður þetta ákvæði lögreglusamþykktarinnar talið gilda þrátt fyrir fyrrgreind fyrirsmæli bifreiðalaganna, sbr. 5. málsg. 6. greinar þeirra laga. En bæði í bifreiðalögunum og lögreglusamþykktinni er, auk framangreindra ákvæða um ökuhraða, svo fyrir mælt, að undir vissum kringumstæðum skuli gæta sérstakrar varúðar og megi ekki aka hraðar en svo að stöðva megi bifreið þegar í stað, meðal annars þar sem mikil umferð er og yfirleitt þar sem hætta er á að slys verði. Nú er það ljóst af framburði stefnds sjálfs fyrir lögregluréttinum svo og framburði vitnisins, að stefndum hefir ekki tekizt að stöðva bifreið sína þegar er hann varð hættunnar var. En rétturinn lítur svo á, að akstur á jafnfjölfarinni götu og Laugavegurinn er, að því viðbættu að hér innanbæjar má alltaf búast við því að óvitar hlaupi (úr húsasundum) út á akbrautina, megi ekki vera hraðari en svo að hægt sé að stöðva bifreið í einni svipan fyrirvaralaust. Hefir stefndur því að áliti réttarins ekki gætt tilhlýðilegrar varkárni við aksturinn í umrætt skipti og ber þá eftir 15. gr. bifreiðalaganna að dæma hann til þess að greiða skaðabætur vegna slyss þess, sem af þessu hlautzt.

Stefndur hefir ekki mótmælt upphæð þeirri, sem stefnanda hefir krafizt fyrir sjúkrakostnað og læknishjálp, enda

hafa gögn verið lögð fram fyrir henni og verður hún því tildæmd. Hinsvegar hefir stefndur mótmælt skaðabótakröfunni, kr. 10000,00, sem allt of hárrí.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Matthíasi Einarssyni, lækni, útgefið 20. júní s. l., um heilsufar drengsins. Segir í því, að fóturinn sé fullgróinn en miklu rýrari en hinn, nokkuð boginn og staurliður um hné. Telur læknirinn að þetta ástand muni haldast að mestu óbreytt, þó hugsanlegt sé að einhver smáhreyfing komi í hnéliðinn er tímar líða. Með tilliti til vottorðs læknisins og annars, er fram kemur í málinu, þykja bæturnar til drengsins hæfilega ákveðnar í einu lagi (að undanskyldum sjúkrakostnaðinum) kr. 5000,00 og verða þá úrslit málsins þau, að stefndur verður dæmdur til þess að greiða þá upphæð, að viðbættum kr. 1295,00 = kr. 6295,00, en aðeins með 5% ársvöxtum þar eð stefndur hefir mótmælt vöxtunum sérstaklega.

Svo ber og að dæma stefndan til þess að greiða málskostnað og ákveðst hann kr. 325,00.

Mánudaginn 27. febr. 1933.

Nr. 77/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Max Turk (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 5. apríl 1932:
Kærði, Max Turk, á innan fjögura vikna að greiða sekt, að upphæð kr. 15800,00, til Landhelgisjóðs Íslands, en afplána hana með 8 mánaða einföldu fangelsi faist hún ekki greidd. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum, „Emma Reimer“ P. G. 325 frá Geestemünde, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.